

miðuð við næsta heila fet á eftir, t. d. 76.6 fet skal tákna 77 fet. Þá skal og greina stærð fósturs, ef það er fyrir hendi.

- d. Heildarmagn lýsis eftir flokkum, mjöls, áburðar (guano) og annarra afurða.
e. Upplýsingar varðandi hvalagöngur og fæðingarstaði.

113

16. ágúst

14. gr.

Afhenda skal atvinnumálaráðuneytinu dagbókina við lok hvers veiðitímabils.

15. gr.

Hvert móðurskip og hver landstöð skal greiða 3000 króna árgjald í rikissjóð og auk þess 1000 krónur fyrir hvert hvalveiðiskip.

Enn fremur skal hver hvalveiðaleyfishafi greiða öll opinber gjöld og tolla, samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

16. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar eftirlitsmann með hverju móðurskipi og hverri landstöð og ákveður þóknun hans, er greiðist úr rikissjóði.

Atvinnumálaráðherra kveður nánar á um starf þessa eftirlitsmanns.

17. gr.

Eintak af lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar og reglugerð þessari skulu höfð til sýnis á áberandi stað þar sem hvalveiðar eða vinnsla er stunduð.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 26/1949 til að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. ágúst 1949.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

fyrir bændaskólana að Hólum og Hvanneyri og fyrir framhaldsnám í búfræði að Hvanneyri.

114

18. ágúst

I. Tilgangur skólanna og námstími.

1. gr.

Tilgangur bændaskólanna er að veita bændaeftum hagnýta þekkingu í búnaði.

2. gr.

Skólarnir starfa í tveimur deildum, yngri og eldri deild. Þá skal setja 15. október ár hvert. Námstíminn er þrjú misseri, tveir vetur og eitt sumar. Eigi skal segja skólanum upp síðar en 30. apríl. Jólaleyfi skal vera frá 22. desember til 4. janúar, að háðum dögum meðtöldum. Kennsla fer ekki fram 1. desember. Auk þess getur skólastjóri fellt niður kennslu allt að einum degi í senn, þegar sérstaklega stendur á.

- 114** Heimilt er að taka nemendur til ársdvalar í skólana, ef þeir hafa aflað sér
 18. ágúst bóklegrar þekkingar annars staðar, er samsvari a. m. k. námi yngri deildar, en skylt er þeim að taka þátt í verklegu námi jafnlangan tíma og aðrir nemendur og ganga undir próf í þeim námsgreinum yngri deildar, er skólastjóri ákveður.

II. Inntaka og inntökuskilyrði.

3. gr.

Skriflega beiðni um upptöku í skólana skal senda skólastjóra fyrir lok ágúst-mánaðar ár hvert. Skólastjóri veitir inntöku í skólana og svarar umsækjendum.

4. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólana eru þessi:

1. að umsækjandi sé fullra 18 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með;
2. að hann hafi unnið minnst eitt ár við landbúnaðarstörf eftir fermingu;
3. að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi;
4. að hann hafi ábyrgð fullveðja manns fyrir allri greiðslu, er stafar af dvöl hans í skólanum. Undanþágu má veita frá þessu ákvæði.

III. Stjórn og fyrirkomulag.

5. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirumsjón skólanna. Það skipar skólastjóra og einnig kennara skólanna í samráði við skólastjóra.

6. gr.

Skólastjóri hefur á hendi umsjón og stjórn skóla síns. Skólastjórar skulu annast reikningshald skólanna og aðra bókfærslu. Reikningsár skólanna er almanaksárið. Skulu reikningar ásamt stuttorðri greinargerð sendir fjármálaráðuneytinu og landbúnaðarráðuneytinu fyrir febrúarlök ár hvert. Skólastjórar skulu láta prenta skólaskýrslur annað hvert ár.

7. gr.

Nemendur fá í skólunum ókeypis: kennslu, húsnæði, rúmstæði með dýnum, ljós og hita.

8. gr.

Vanræki nemandi nám, mæti ekki í kennslustundum eða í vinnu í verklegu námi, ber skólastjóra að áminna hann. Ef það ber ekki árangur, skal honum vísað úr skólanum.

IV. Bókleg kennsla.

9. gr.

Kennsla fari fram í fyrirlestrum og yfirheyrslum eftir ákvæðum skólastjóra og kennara. Einnig skulu þeir ákveða um þau úrlausnarefni, er lögð eru fyrir nemendur.

10. gr.

Kennslu í einstökum greinum skal hagað sem hér segir í aðaldráttum:

1. *Íslenska*: Aðalmarkmið kennslunnar er, að nemendur læri að lesa íslenskt mál vel og rita það rétt. Einnig skal vekja áhuga þeirra á því bezta í bókmenntum þjóðarinnar.

2. *Stærðfræði*:
 a. *Reikningur*: Kenna skal almennan reikning, prósentureikning og jöfnur.
 b. *Flatar- og rúmmálsfræði*: Skýra skal helztu flatar- og rúmmálsmyndir og kenna að reikna út flatarmál þeirra og rúmmál.
3. *Reikningshald*: Kenna skal notkun búreikningaforma og skýra helztu tekju- og gjaldaliði landbúnaðarins.
4. *Þjóðfélagsfræði*: Skýra skal helztu grundvallaratriði í fyrirkomulagi og stjórn þjóðfélagsins.
5. *Búnaðarhagfræði*: Skýra skal, hvaða grundvallaratriði þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að reka búskap og láta hinar einstöku búgreinar gefa arð.
6. *Búnaðarsaga*: Kenna skal ágríp af búnaðar- og verzlunarsögu þjóðarinnar.
7. *Landbúnaðarlöggjöf*: Skýringar á helztu lögum og reglugerðum, sem varða landbúnað vörn.
8. *Búnaðarlandafræði*: Áherzla skal lögð á lýsingu Íslands og landbúnað og hagi þeirra þjóða, er hafa mesta þýðingu fyrir viðskipti Íslendinga.
9. *Grasfræði*: Í henni skal kennt hið helzta um byggingu, eðli og þroskaskilyrði plantna. Nemendur skulu læra að þekkja helztu plöntur er skipta máli fyrir íslenzkan landbúnað.
10. *Eðlisfræði*: Mest áherzla sé lögð á afl- og rafmagnsfræði.
11. *Efnasfræði*: Nemendur skulu fá fræðslu um hin helztu frumefni, efnasambönd og efnabreytingar. Megináherzlu skal þó leggja á fræðslu um þau efni, sem þýðingu hafa fyrir plöntur og dýr.
12. *Steina- og jarðfræði*: Kenna skal ágríp af almennri jarðfræði. Leggja þó aðaláherzlu á jarðmyndun og bergtegundir á Íslandi.
13. *Liffærafræði*: Aðallega skal skýra fyrir nemendum byggingu og störf líffæra búfjárins.
14. *Búfjárfræði*: Kenna skal rækilega um allar búfjartegundir vorar, kynbætur þeirra, uppeldi, meðferð og fóðrun, einnig um algengustu búfjársjúkdóma og meðferð þeirra, svo og lífeðlisfræði búfjárins.
15. *Mjólkurfræði*: Skýra skal fyrir nemendum eðli mjólkur, efnasamsetning, meðferð, mjaltir og fitumælingar.
16. *Arfgengisfræði*: Skýra skal helztu lögmál arfgengis og kynbóta jurta og dýra.
17. *Jarðræktarfræði*: Leggja skal áherzlu á hagnýta kennslu í almennri jarðræktarfræði, svo sem um girðingar, jarðveg, framræslu, vatnsveitingar, jarðvinnslu, áburð, grasrækt, ræktun garðjurta og korns o. fl., einnig undirstöðuatriði í skógrækt.
18. *Véla- og verkfærafræði*: Kenna skal um þær vélar og verkfæri, sem á hverjum tíma eru talin hentugust fyrir landbúnað vörn.
19. *Húsabyggingar*: Kenna skal helztu undirstöðuatriði í fyrirkomulagi og byggingu búpeningshúsa hér á landi.
20. *Tungumál*: Kenna skal undirstöðuatriði í einu norðurlandtungumáli eða ensku.
21. *Teiknun*: Í yngri deild skal kenna teiknun á einföldum verkfærum eftir mælingu, grunnteiknun húsa og flatarmyndir. Í eldri deild skal kenna kortteikningu.
22. *Leikfimi og íþróttir*: Nemendur skulu iðka líkamsæfingar og íþróttir, er miða að því að gera líkama þeirra hraustan og liðugan.
23. *Söngur*: Iðka skal söng í skólunum.

V. Verkleg kennsla.

11. gr.

Kenna skal nemendum hagnýtustu vinnuaðferðir landbúnaðarins, sem þekktar eru á hverjum tíma, svo og land- og hallamælingar, búsmíðar og eftir því sem við verður komið, frumatriði húsaðgerðar.

Nemendur skulu meðal annars fá tilsögn í notkun, meðferð og hirðingu þeirra véla og verkfæra, sem notuð eru við búskapinn.

12. gr.

Verklega námið fari aðallega fram sumarið milli skólavetranna, og skal hver nemandi vinna minnst 13 vikur (780 klst.). Ef hentara þykir, má láta suma þætti verknámsins fara fram að vetrinum, t. d. hirðingu búfjár og verklega vélfræði.

Nemendum ber að taka þátt í hirðingu þess búfjár, sem á skólabúunum er, undir stjórn og leiðsögn kennara. Þeir skulu taka þátt í venjulegum bústörfum með það fyrir augum, að þeir nemi hagnýtar vinnuaðferðir, er komi bændum að sem mestum notum í starfi þeirra. Nemendur skulu færa dagbók um dagleg störf, þar sem tekið sé fram, hvað unnið er daglega og hvernig vinnan er framkvæmd í aðaldráttum.

13. gr.

Á hverju námstímabili skulu nemendur fara, undir leiðsögn kennara, eina eða fleiri ferðir til fyrirmyndarþúna, eftir ákvæðum skólastjóra. Styrk til slíkra ferða skal veita af fé skólans.

14. gr.

Þeir nemendur, sem ljúka verklegu námi, fá hjá skólabúinu fæði og þjónustu verknámstímamann. Auk þess greiðir ríkissjóður þeim kr. 100.00 styrk með verðlagsuppbót.

Ríkissjóður greiðir skólabúunum kr. 100.00 með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda, sem lýkur verklegu námi.

VI. Próf og vitnisburðir.

15. gr.

Nemendum er skylt að ganga undir próf í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru og taldar eru í 10. grein, nema söng, svo og í verklegum störfum, samanber 18. grein.

16. gr.

Nú getur nemandi ekki gengið undir próf sökum veikinda eða annarra gildra forfalla, og getur þá skólastjóri leyft honum að ljúka prófi á öðrum tíma. Geti nemandi ekki stundað leikfimi sakir vanheilsu og þess vegna ekki gengið undir próf í henni, getur skólastjóri veitt undanþágu frá því, þó því aðeins að viðkomandi nemandi leggi fram vottorð um vanheilsu sína, frá lækni skólans.

17. gr.

Kennarar prófa hver í sinni námsgrein og ákveða í samráði við skólastjóra, hvort úrlausnarefnin skuli vera skrifleg eða munnleg eða hvort tveggja. Einkunnir skal gefa eftir frammistöðu nemanda, samanber 18. og 20. grein.

18. gr.

Einkunnir skal gefa sem hér segir: Gefa skal tvær einkunnir fyrir jarðræktarfræði og búfjárfræði, hvora fyrir sig. Gefa skal eina einkunn fyrir eftirtaldar náms-

greinar: íslenzku, reikning, flatar- og rúmmálsfræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, líffærafræði, búreikninga, dráttlist og landmælingar og leikfimi. Hálfa einkunn skal gefa fyrir eftirtaldar námsgreinar: Þjóðfélagsfræði og landbúnaðarlöggjöf, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu, búnaðarlandafræði, steina- og jarðfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, byggingafræði, erlend mál og sund. Í verklegum störfum skal gefa þessar einkunnir: eina fyrir dugnað, eina fyrir meðferð dráttarvéla, tvær fyrir jarðyrkjjustörf, eina fyrir hirðingu búfjár, eina fyrir smíðar og eina fyrir dagbókarfærslu. 114
18. ágúst

19. gr.

Við skrifleg próf skal ætla nemendum 2—4 stundir til úrlausnar verkefna, eftir ákvörðun kennara. Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggji hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

20. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 1 til 10 og tíunduhlutum. Þó skal gefa einkunnina 0 fyrir afleita frammistöðu, og fellir hún, samkvæmt 21. grein.

21. gr.

Fullnaðareinkunn er meðaltal allra samantaldra einkunna. Til þess að nemandi standist próf, má fullnaðareinkunn hans eigi vera lægri en 5.00 í hvoru fyrir sig, bóklegum greinum og verklegum störfum. Þessa einkunn þarf til þess að standast próf úr yngri deild upp í eldri deild, svo og í námsgreinum eldri deildar til þess að ná búfræðiprófi. Þó stenzt enginn próf, sem hefur fengið 0 í einni grein eða 1 í fleiri greinum en einni. Kennarar skulu í sameiningu gefa nemendum einkunn fyrir ástundun.

Fullnaðareinkunnirnar	9.00—10.00	teljast	ágætiseinkunn.
—	7.25— 8.99	—	1. aðaleinkunn.
—	6.00— 7.24	—	2. —
—	5.00— 6.00	—	3. —

22. gr.

Að afloknu prófi skal afhenda nemendum, sem standast prófin, prófskirteini með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein ásamt fullnaðareinkunn og einkunn fyrir ástundun. Einkunnir skal birta í skólaskýrslu. Ef nemandi hættir námi, án þess að taka próf, skal þess jafnan getið í skólaskýrslu, hver orsök er til þess.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 22. marz 1948, um bændaskóla. Með henni er úr gildi numin reglugerð nr. 75 22. maí 1939 og reglugerð nr. 60 4. apríl 1941.

Reglugerðin öðlast gildi 1. október 1949, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.